

Heimilt er hreppsnefnd Grýtubakkahrepps að veita 50% afslátt ef tveir eða færri eru á heimili.

Fyrirtæki flokkur 1	Sorpeyðingargjald	kr. 3.300
Fyrirtæki flokkur 2	Sorpeyðingargjald	kr. 6.600
Fyrirtæki flokkur 3	Sorpeyðingargjald	kr. 20.000
Fyrirtæki flokkur 4	Sorpeyðingargjald	kr. 40.000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfissráðuneytið, 23. febrúar 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 282/1994 um söfnun,
endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur.**

1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Gjaldskylda samkvæmt 1. gr. nær til allra drykkjarvara í einnota umbúðum, sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar eða átappaðar hérlendis og eru til sölu hér á landi og flokkast undir vöruliði 2201, 2202, 2203, 2204, 2205, 2206, 2208 eða 0403.9003 í tollskrá, sem er viðauki I við tollalög nr. 55/1987.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í ákvæði 4. gr. laga nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytið, 22. febrúar 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.